UMHVERFIS
STOFNUN

Matfugl ehf
Völuteigi 2
270 Mosfellsbær

Akureyri, 4. desember 2020
UST202011-247/Í.M.J.
08.11.01

**Efni: Framlenging starfsleyfis fyrir Matfugl ehf. að Hurðarbaki**

Vísað er til erindis Matfugls ehf. þann 19. nóvember s.l. þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi sem gefið var út fyrir alifuglabú fyrirtæksins að Hurðarbaki í Hvalfjarðarsveit með eldisrými fyrir 80.000 fugla.

Skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda.

Fullnægjandi starfsleyfisumsókn hefur borist fyrir stækkun búsins.

Gildistími hins framlengda starfsleyfis er til 18. desember 2020. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til **18. desember 2021.**

Það skal tekið fram að vinna sem fellur á Umhverfisstofnun vegna þessarar framlengingar er skráð í verkbókhald á sama hátt og önnur vinna sem varðar auglýsingu og útgáfu á nýju starfsleyfi álversins og mun hún koma til viðbótar vegna uppgjörs við útgáfu starfsleyfisins. Því fylgir þessari ákvörðun engin innheimta kostnaðar að svo stöddu.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um framlengingu á gildistíma starfsleyfisins er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur

Fullgild rafræn undirskrift
**SIGRÚN ÁGÚSTSDÓTTIR**
Kennitala: 021269-5739
2020-12-04 12:45:23 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**ÍSAK MÁR JÓHANNESSON**
Kennitala: 230889-3419
2020-12-04 13:04:25 GMT
Ástæða: Undirskrift